

Aðalfundur FETAR

Dagsetning: 5.03.2020

Fundarstaður: Félagsheimili ferðafélagsins 4x4 í Síðumúla.

Fundartími: 20:00

Mættir eru:

- Anton P. Guðmundsson
- Baldvin Jónsson
- Gunnar Andri Kristinsson
- Hákon Bjarnason
- Hinrik Bjarnason
- Jón Páll Baldvinsson
- Kristján G. Kristjánsson
- Páll Halldór Halldórsson
- Ragnar Lövdal
- Sveinn Sigurður Kjartansson
- Þorvarður Ingi Þorbjörnsson

Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram. Formaður fer yfir störf stjórnar.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar. Gjaldkeri félagsins leggur fram reikninga fyrir síðasta ár.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar.
6. Ákvörðun félagsgjalds.
7. Önnur mál.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður setur fundinn og tilnefni ritara og fundarstjóra. Fundarstjóri er Sveinn Sigurður Kjartansson og fundarritari er Jón Páll Baldvinsson.

2. Skýrsla stjórnar

- Ný heimasíða var sett upp frá grunni þar sem eldri síðan var “hökkuð” og eyðilögð.
- Gerðar hafa verið umtalsverðar breytingar á vef- og tölvupóstmálum FETAR til hins betra. Í þeim felst m.a.:
 - Hýsing heimasíðunnar færð til Siteground.com sem sérhæfir sig í hýsingu á Wordpress síðum og er þekkt fyrir mjög góða þjónustu og öryggi.
 - Ný heimasíða sett upp frá grunni hjá Siteground.com í Wordpress vefumsjónarkerfi.
 - Tölvupóstþjónusta FETAR færð í G svítuna hjá Gmail.
 - FÉLAGATAL FETAR
 - Við fórum einnig yfir félagaskrána og uppfærðum hana eftir bestu getu. Hún er nú aðgengileg á heimasíðu FETAR: www.fetar.is/felagatal. Vinsamlegast farðu yfir þína skráningu og sendu okkur athugasemdir ef einhverjar eru.
- Árleg jeppaferð FETAR: ekki tókst að smala saman mörgum úr röðum FETAR í ferðina á síðasta ári en Sveinn fór engu að síður með starfsfólk sitt ásamt nokkrum vinum á Grímsfjall í blíðskaparveðri. Ferðina var mjög vel heppnuð en einnig voru Pálsfjalla og Hamarinn heimsóttur.
- Næsta árlega jeppaferð FETAR:
 - Dags.: óákv.
 - Áætlun A: óákv.
 - Áætlun B: óákv.
- 31. janúar 2019: Náttúran og Hálendisþjóðgarður - Málþing á vegum Landverndar, Náttúruverndarsamtaka Suðurlands og Eldvatna náttúruverndar í Skaftárhreppi.

- Fundur með utanríkisráðherra Guðlaugi Þór Þórðarsyni sem lýsti yfir stuðningi við stefnu FETAR og ferðafrelsi á Íslandi. Til stendur að bjóða þingflokki allra flokka í jeppaferð til að kynna starfsemi félaga innan FETAR og er beðið eftir merki frá aðstoðarkonu Guðlaugs sem er með málið.
- Málþingið: Sambýlið með ferðapjónustunni. Formaður FETAR Jón Páll Baldvinsson kynnti starfsemi félaga innan FETAR og tók þátt í umræðunni.
- Viðtal við formann FETAR JPB í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni varðandi lokanir á vegum vegna ófærðar: [smelltu hér](#).
- Stjórn FETAR átti fund þriðjudaginn 30. apríl með fulltrúum frá Vegagerðinni, Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarði. Efni fundarins var kynning á starfsemi FETAR og afstöðu til lokana á svæðum, fjallvegum og vegum almennt og mögulegar undanþágur FETAR og samvinna við ofangreindar stofnanir í því tilliti. Fundurinn gekk vonum fram og tóku fundarmenn vel í umleitanir FETAR til samvinnu. Okkur sýnist fyrsta skrefið hafa tekist mjög vel en næsta skref er annar fundur með Vegagerðinni sérstaklega og framhald viðræðna við ofangreindar þrjár stofnanir saman. Við munum fylgja málinu eftir og halda ykkur upplýstum.
- Kolefnisjöfnun FETAR: Formaður og gjaldkeri FETAR fóru í fylgd Bernharðs Jóhannessonar framkvæmdastjóra Skógræktar Kópavogs í skógræktina við Fossá í Hvalfirði í gær. Tilgangurinn var að ákveða svæði til skógræktar og kolefnisjöfnunar FETAR. Skógræktin við Fossá er frábær sælureitur þar sem hægt er að fara í lautarferðir og nú í framhaldinu auka við sýrefnisframleiðsu og kolefnisbindingu með því að bæta við gróður landsins. Stjórn mun blása til plöntunarferðar fljótlega. Látum vita þegar að því kemur.
- Fundur með aðstoðarmanni umhverfisráðherra Orra Páli. FETAR mættu með þrjú menn á fund hjá Umhverfissráðuneytinu í dag. Nauðsynleg kynning á landssamtökunum og tillögur að úrbættum varðandi stjórn hálandisumferðar og samráð stofnana við FETAR voru rædd. Þetta var góður fundur en það er af nægu að taka ef tryggja á að ekki verði gengið gegn hagsmunum fyrirtækja með sérútbúin farartæki í ferðapjónustu. Núverandi listi yfir FETAR fyrirtæki er á meimasíðu FETAR.is og er í sífelldri endurnýjun. Allir rekstraraðilar með sérútbúin farartæki í ferðapjónustu eru hvattir til að koma með ábendingar á stjorn@fetar.is
- Stjórn FETAR átti góðan fund með ráðherra ferðamála Þórdísi Kolbrúnu Reykjavíkur Gylfadóttur þann 4. desember 2019. Efni fundarins var m.a. tilgangur og sérstaða fyrirtækja innan vébanda FETAR, stofnun hálandisþjóðgarðs, takmarkanir á akstri, uppbygging vega á hálandinu, fjöldaferðapjónusta og sérstaða jeppaferðapjónustu á Íslandi. Það vill svo skemmtilega til að Þórdís á fund í dag með Guðmundi Inga umhverfisráðherra og ætlar hún að ræða fund okkar við hann.
- Hluti stjórnar FETAR átti fund með Jóhannesi Þór Skúlasyni og Bjarnheiði Hallsdóttur hjá SAF 3. febrúar 2020. Rædd var afstaða SAF til miðhálandisþjóðgarðs, mögulegt samstarf o.fl.
- Ný lýsing á tilgangi FETAR uppfærð á heimasíðu FETAR í janúar 2020:
 - FETAR er landssamtök fyrirtækja í heilsársferðapjónustu á hálandi og láglandi. Markmið samtakanna er að vinna að framþróun á öllum sviðum er varða heilsársferðapjónustu á hálandi og láglandi, þar með talin sérþjálfun starfsfólks og þróun tækja til heilsársferða með tilliti til öryggis farþega. Sem og að gæta hagsmuna þeirra sem atvinnu hafa af hálandisferðapjónustu á heilsársgrunni gagnvart stjórnvöldum og öðrum hlutaðeigandi aðilum.
- Tryggingamál: Óðinn hjá Fulltingi mun skoða lögmæti á flokkun sérútbúinna bifreiða í farþegaflutningum (ekki hópbifreiða) í sérstakan tryggingaflokk hóp

Á döfinni

- Stærsta málið á döfinni er miðhálandisþjóðgarður en FETAR hefur ítrekað óskað eftir fundi með Umhverfissráðherra en ráðherra hefur ekki orðið við þeirri beiðni.
 - Samstarf við 4x4
 - Samstarf við SAF
 - Samstarf við sveitarfélög
 - Opinber kynning á afstöðu FETAR og málflytningi.
- Áframhaldandi kynning á starfsemi félaga innan FETAR og hvað þau standa fyrir í ferðapjónustu á Íslandi. Sérstaða þeirra félaga og aðkoma að ferðapjónustu almennt, þróun, úrbætur og samvinna.
- Vegagerðin og Umhverfisstofnun eru áframhaldandi verkefni og er stefnt á nýja fundi með þeim aðilum til að ræða lokanir á vordögum o.fl.
- Stefnumótun FETAR.

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Gjaldkeri leggur fram reikninga síðast árs sem eru:

- Talstöðvarás FETAR.

4. Lagabreytingar

Neðangreindar lagabreytingar eru samþykktar:

1. gr. var: Félagið heitir Félag eigenda torfærubifreiða í atvinnurekstri. Skammstafað FETAR.
1. gr. verður: Félagið heitir FETAR.
2. 3. gr. var: Tilgangur félagsins er að vinna að framþróun ferðapjónustu á sérútbúnum torfærubifreiðum í atvinnuskyni og gæta hagsmuna þeirra sem atvinnu hafa af ferðapjónustu á sérútbúnum torfærubifreiðum, gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum.

3. gr. verður: Tilgangur félagsins er að vinna að framþróun ferðapjónustu þar sem ferðast er um hálendi og láglandi á heilsársgrunni og þeim sérútbúnaði og þjálfun sem tilheyrir þeirri starfsemi. Sem og gæta hagsmuna þeirra rekstraraðila sem eru sérhæfðir og sérútbúnir á því sviði, gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum.
3. 4. gr. var: Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að auka samkennd, fagmennsku og þekkingu félagsmanna og annarra á ferðapjónustu, á sérútbúnum torfærubifreiðum í atvinnuskyni. Taka þátt í að upplýsa menn um mikilvægi náttúruverndar og góðrar umgengni um landið. Stuðla að því að leyfis- og öryggismál bifreiða og félagsmanna séu í samræmi við lög og reglur.

4. gr. verður: Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að auka samkennd, fagmennsku og þekkingu félagsmanna og annarra á ferðapjónustu sem skilgreind er í 3. Gr. Taka þátt í að upplýsa menn um mikilvægi náttúruverndar og góðrar umgengni um landið. Stuðla að því að leyfis- og öryggismál bifreiða og félagsmanna séu í samræmi við lög og reglur.

5. Kosning stjórnar

Í fráfaranandi stjórn sitja:

- Hinrik Bjarnason - Meðstjórnandi
- Jón Páll Baldvinsson - Formaður
- Kristján G. Kristjánsson - Gjaldkeri
- Páll Halldór Halldórsson - Meðstjórnandi
- Sveinn S. Kjartansson - Ritari

Í stjórn eru kosnir:

- Hinrik Bjarnason - Meðstjórnandi
- Jón Páll Baldvinsson - Formaður
- Kristján G. Kristjánsson - Gjaldkeri
- Páll Halldór Halldórsson - Meðstjórnandi
- Sveinn Sigurður Kjartansson - Ritari

6. Ákvörðun um félagsgjald

Samþykkt er að hækka félagsgjaldið úr kr. 15.000,- í kr. 20.000,- á ári.

7. Önnur mál

- Samþykkt er að FETAR standi fyrir námskeiðum í skyndihjálpi og notkun á GPS tækjum.

Undirskrift nýrrar stjórnar

Hinrik Bjarnason

Páll Halldór Halldórsson

Jón Páll Baldvinsson - formaður

Sveinn Sigurður Kjartansson - ritari

Kristján G. Kristjánsson - gjaldkeri
